

20. febrúar 2006

**Umráður utan dagskrár – fuglaflensa
Ræða heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra**

Virðulegur forseti.

Háttvirtur 8. þingmaður Norðvesturkjördæmis beinir til mín nokkrum spurningum um nokkra þætti sem tengjast viðbúnaði okkar Íslendinga við þeim möguleika að fuglaflensa berist til landsins og vil ég þakka háttvirtum þingmanni fyrir að taka þetta mál upp á þessum vettvangi.

Í árslok 2003 hófst influensufaraldur í fuglum í S-A Asíu. Þessi fuglainflúensa leiddi í nokkrum tilvikum til sýkinga í mönnum með hárrí dánartíðni. Íslensk heilbrigðisyfirvöld ákváðu snemma á árinu 2004 að kaupa influensulyf í nokkru magni [7000 meðferðaskammta] vegna ótta manna um að veiran gæti stökkbreyst og farið að berast manna á milli sem gæti orðið undanfari heimsfaraldurs influensu.

Þegar í ljós kom að ekki tækist að ráða niðurlögum fuglainflúensunnar strax ákváðu heilbrigðisyfirvöld hér að auka innkaup á influensulyfjum á árinu 2005 þannig að í lok þess árs voru til í landinu um 89 000 meðferðarskammtar.

Heilbrigðisyfirvöld hafa frá því fuglainflúensan fór að gera fyrir alvöru vart við sig austur í Asíu gripið til margvíslegra aðgerða til að bregðast við fuglaflensunni og til að bregðast við hugsanlegum heimfaraldri influensusmits.

Ég vil undirstrika og biðja menn að hafa hugfast, eða greina á milli flensusmits í fuglum sem getur við tilteknar aðstæður borist í menn, og svo hitt, heimsfaraldur þar sem smit berst frá manni til manns, þetta eru tvö mál, sem okkur bera að forðast að blanda saman.

Háttvirður þingmaður spyr um varnir og viðbrögð gagnvart fuglaflensu ef hún bærst til landsins.

Hér er því til að svara að sóttvarnalæknir og Landbúnaðarstofnun hafa nána samvinnu um upplýsingagjöf til almennings varðandi fuglaflensu berist hún til landsins.

Starfandi er sérstök samstarfsnefnd um sóttvarnir sem hittist reglulega, a.m.k. tvisvar sinnum í mánuði, en þar situr m.a. fulltrúi Landbúnaðarstofnunar og sóttvarnalæknir þannig að samráð þessara tveggja sviða er mjög náð og samhæft.

Sóttvarnalæknir hefur birt spurningar og svör um efnið á heimasíðu Landlæknisembættisins og sambærilegar upplýsingar munu birtast á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar.

Í öðru lagi spyr háttvirtur þingmaður um viðbúnaðarstig stjórnvalda vegna fuglaflensu og hvaða forsendur eru þar lagðar til grundvallar? Því er til að svara að viðbrögð við fuglaflensu hér á landi eru í höndum Landbúnaðarstofnunar sem heldur til dæmis fræðslufundi með alifuglabændum um þessar mundir til að upplýsa um alla helstu þætti málsins, m.a. varnir.

Þá er spurt um hvort tekið hafi verið upp samstarf og samræming viðbragða bænda, starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og matvælavinnslu ef fuglaflensa bærst til landsins? Í heilbrigðisþjónustunni eru menn viðbúinir og munu bregðast við ef svo ólíklega vildi til að einhver maður smitaðist af fuglaflensu. Hugað verður sérstaklega að heilbrigði þeirra sem sinna alifuglarækt, ef fuglaflensa berst til landsins. Sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri standa að samræmdum viðbrögðum í landinu við hugsanlegum heimsfaraldri influensu í mönnum.

Í fjórða lagi spyr háttvirtur þingmaður um eftirlit og rannsóknir á heilsu villtra fugla í landinu og þá ekki síst hjá farfuglum?

Því er til að svara að Landbúnaðarstofnun hefur með höndum rannsóknir á farfuglum og alifuglum í landinu. Könnun á influensusmiti í fuglum er þegar hafin. Rætt er um að bæta rannsóknaraðstöðu til dýrarrannsókna í samvinnu við Keldur.

Í fimmta lag er spurt um hvort í stjórnvöld hyggist stjórnvöld haga samstarfi og samráði við Alþingi og hlutaðeigandi þingnefndir um viðbúnað og aðgerðir stjórnvalda, sem grípa þarf til annars vegar til að fylgjast með því hvort veikin berst til landsins og hinsvegar ef veikin yrði staðfest hér?

Íslensk stjórnvöld munu að sjálfsögðu upplýsa Alþingi og hlutaðeigandi þingnefndir um aðgerðir sem lúta að fuglflensu annars vegar og hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu í mönnum eftir því sem tilefni gefst til.

Virðulegur forseti.

Vona ég að þeim spurningum sem háttvirtur 8. þingmaður Norðvesturkjördæmis beindi til mín sé með þessu svarað.

(Talað orð gildir)